



FJARÐABYGGÐ

FJARÐABYGGÐ ÁRSSKÝRSLA 2006

MJÓIFJÖRÐUR | NORÐFJÖRÐUR | ESKIFJÖRÐUR | REYÐARFJÖRÐUR | FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR | STÖÐVARFJÖRÐUR



ÁVARP BÆJARSTJÓRA

Árið 2006 var viðburðaríkt í Fjarðabyggð eins og verið hefur frá því hin mikla uppbygging við Mjóeyrarhöfn og víðar í sveitarfélaginu hófst. Í þessari skýrslu er fjallað um helstu helstu atburði ársins. Hæst ber tvímælalaust að í kjölfar sveitarstjórnarkosninga í júní sameinuðust sveitarfélögin Fjarðabyggð, Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppur og Mjóafjarðahreppur undir nafni Fjarðabyggðar. Með sameiningunni varð til eitt fjölmennasta sveitarfélagið á landsbyggðinni. Í því eru mjög sterk og öflug framleiðslufyrirtæki og miklir möguleikar til nýrrar uppbyggingar þannig að sveitarfélagið hefur allar forsendur til að skipa sér í röð þeirra öflugustu á landinu.

Um miðjan september var haldin sameiningarhátíð nýja sveitarfélagsins. Hátíðarhöld fóru fram í Fjarðabyggðarhöllinni, glæsilegu fjölnotaíþróttahúsi á Reyðarfirði, sem þá var tekið í notkun. Guðmundur Bjarnason, sem gegnt hafði starfi bæjarstjóra frá 1998 þegar Norðfjörður, Eskifjörður og Reyðarfjörður sameinuðust undir heiti Fjarðabyggðar, kvaddi eftir giftudrjúgan feril. Framsýni og elja Guðmundar og félaga hans í bæjarstjórn hafa rennt styrkum stoðum undir atvinnulíf og búsetu á Mið-Austurlandi. Guðmundi eru færðar kærar þakkir fyrir vel unnin störf jafnframt því sem honum er óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Samfélagið í Fjarðabyggð einkennist af bjartsýni og framkvæmdagleði. Þess sér stað í fjölda nýbygginga, fjölbreyttri þjónustu og áherslu á ásýnd og umhverfi. Áhersla er á að bæta aðstöðu til íþróttar og útivistar. Á árinu var því m.a. fagnað að ný sundlaug tók til starfa á Eskifirði, nýtt aðstöðuhús og heitir pottar voru teknir í notkun við sundlaugina í Neskaupstað og gervigrasvöllur var opnaður í Neskaupstað. Myndarlegar viðbyggingar grunnskóla og leikskóla á Reyðarfirði voru einnig teknar í notkun.

Afkoma sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, verður að teljast góð á árinu. Rekstrarniðurstaða batnaði um tæpar 325 milljónir króna frá fyrra ári, úr liðlega 10 milljón króna halla í rúmlega 313 milljón króna afgang.

Kjörorð Fjarðabyggðar *Þú ert á góðum stað* er góður leiðarvísir til framtíðar. Kjörorðunum þarf að gefa inntak og marka stefnu fram á við í öllum málaflokkum. Mörg spennandi verkefni blasa við í nýsameinuðu sveitarfélagi. Við skulum öll standa vörð um tækifæri sem hér bjóðast til framfara og uppbyggingar samfélags sem býr að íbúum þannig að til fyrirmyndar er.

Helga Jónsdóttir



STARFSEMIN Á ÁRINU

Fjármála- og stjórnsýslusvið

Fjármála- og stjórnsýslusvið sveitarfélagsins hefur umsjón með fjárreiðum og bókhaldi, annast gerð fjárhagsáætlana, framkvæmd kjara- og starfsmannamála, fjarskipta- og tölvumála, trygginga- og upplýsingamála auk manntala. Jafnframt annast sviðið kostnaðareftirlit, innkaupa- og skrifstofustjórnun auk annarra stjórnsýsluathafna. Skrifstofur eru á Reyðarfirði og í Neskaupstað og eru starfsmenn 15 í 14,6 stöðugildum.

Starfsemi sviðsins

Starfsemi sviðsins jókst umtalsvert á árinu og voru aukin verkefni sem tengdust sameiningu sveitarfélaganna en Austurbyggð, Mjóafjarðarhreppur og Fáskrúðsfjarðarhreppur sameinuðust Fjarðabyggð þann 6. júní. Þá voru verkefni tengd uppbyggingu álvers Alcoa nokkuð fyrirferðamikil sem og upplýsinga- og kynningarmál. Á fyrri hluta ársins var lögð áhersla á undirbúning sameiningar sveitarfélaganna og var stofnaður samráðsvettvangur oddvita sveitarfélaganna og KPMG þar sem lagður var grunnur að verkefnum sem tengdust sameiningunni. Í kjölfar þess var sótt um fjármagn til þeirra verkefna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem veitti 165 millj. kr. sem greiðist á næstu fjórum árum. Samræming gjaldskráa og regluverks sveitarfélagsins var unnin á síðari hluta ársins og var þeirri vinnu lokið að hluta. Umsýsla vegna lóðaumsókna jókst en eftirspurn eftir lóðum hélst út árið í takt við aukin umsvif í sveitarfélaginu.

Við sameiningu sveitarfélaganna var skrifstofan á Fáskrúðsfirði lögð niður og starfsemi hennar færð undir skrifstofuna á Reyðarfirði en í aðdraganda sameiningar var ákveðið að byggja við skrifstofuna þar gagngert til að anna auknum verkefnum í tengslum við sameiningu. Starfsemi sviðsins var endurskipulögð m.t.t. aukins umfangs og sett var á laggirnar starf aðstoðarmanns bæjarstjóra sem Steinþór Pétursson fyrrum sveitarstjóri í Austurbyggð tók við en auk hans bættust við á sviðið María Ó. Óskarsdóttir sem ráðin var sem deildarstjóri mannauðsmála og Sigríður Elísa Jónsdóttir sem bókarí. Vegna tímabundinna verkefna var Hörður Þórhallson ráðinn í fullt starf til að sinna upplýsinga og kynningarmálum og almennri þjónustu við nýja íbúa sveitarfélagsins. Á árinu lét Guðmundur Bjarnason af störfum en hann hafði verið bæjarstjóri frá sameiningu Fjarðabyggðar 1998 og við starfi hans tók Helga Jónsdóttir.

Stjórnsýslan og nefndasvið

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar var fyrri hluta ársins skipuð níu fulltrúum, fjórum fulltrúum frá Fjarðalistanum, tveimur fulltrúum frá Framsóknarflokki, tveim fulltrúum frá Sjálfstæðisflokki og einum frá Biðlista. Smári Geirsson var forseti bæjarstjórnar á þessu tímabili en auk hans sátu frá Fjarðalista; Ásbjörn Guðjónsson, Guðmundur Rafnkell Gíslason og Guðný Björg Hauksdóttir; frá Sjálfstæðisflokki Andrés Elísson og Magni Kristjánsson; frá Framsóknarflokki Eiður Ragnarsson og Þorbergur Hauksson; frá Biðlista Ásmundur Páll Hjaltason. Kosningar til sveitarstjórnar fóru fram 27. maí og var þá kosin ný sveitarstjórn fyrir sameinað sveitarfélag og voru bæjarfulltrúar áfram níu. Fjarðalistinn fékk þá kjörna 4 fulltrúa, Guðmund Rafnkell Gíslason, Dönu Mjöll Sveinsdóttur, Sigrúnu Birnu Björnsdóttur og Smára Geirsson; Sjálfstæðisflokkur 3 menn kjörna, Valdimar O. Hermannsson, Jóhönnu Hallgrímsdóttur og Jens Garðar Helgason og Framsóknarflokkurinn tvo menn kjörna, Guðmund Þorgrímsson og Þorberg Hauksson. Meirihluta mynduðu Fjarðalisti og Framsóknarflokkur og var Guðmundur Rafnkell Gíslason forseti bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn hélt 21 fund á árinu.

Fjárhagsáætlun 2007 var afgangur þann 14. desember, ársreikningur 2005 þann 27. apríl, þriggja ára áætlun 2007 til 2009 þann 7. apríl og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2006 þann 2. nóvember. Við sameininguna var byggt á stjórnkerfi því sem í gildi var í Fjarðabyggð en skipuð var sérstaklega landbúnaðarnefnd sem fer með málefni þess málaflokks. Þá setti bæjarstjórn nýjar samþykktir fyrir sveitarfélagið, ráð þess og nefndir. Bæjarráð er skipað þrem fulltrúum og eru þeir kosnir árlega úr hópi bæjarfulltrúa. Fyrri hluta ársins var formaður ráðsins Þorbergur Hauksson. Á síðari hluta ársins var Guðmundur Þorgrímsson formaður og auk hans sátu í ráðinu Smári Geirsson og Valdimar O. Hermannsson. Bæjarráð hélt 48. fundi á árinu og tók fyrir 678 mál. Af einstökum málum voru lóðarúthlutanir fyrirferðamestar í umfjöllun ráðsins en alls voru samþykktar 112 lóðarúthlutanir. Aðrar nefndir sveitarfélagsins héldu 156 fundi.

Starfsmannahald

Á launaskrá Fjarðabyggðar árið 2006 voru liðlega 830, en fastráðnir starfsmenn í meira en 10% starfi þann 1. desember voru um 386 í 292 stöðugildum. Launagreiðslur ásamt launatengdum gjöldum námu alls kr. 1.372. millj. kr. Nefndar- og stjórnarlaun námu 24,8 millj. kr.

STARFSEMIN Á ÁRINU

Launagreiðslur skiptust á milli málaflokka í milljónum kr. sem hér segir:

Félagsþjónusta	65,8 kr.
Fræðslu- og uppeldismál	747,6 kr.
Menningarmál	24,9 kr.
Æskulýðs- og íþróttamál	116,4 kr.
Brunamál og almannavarnir	23,4 kr.
Hreinlætismál	2,0 kr.
Skipulags- og byggingarmál	34,6 kr.
Umferðarmál	0,8 kr.
Umhverfismál	1,5 kr.
Atvinnumál	5,1 kr.
Sameiginlegur kostnaður	131,7 kr.
Þjónustumiðstöð	148,0 kr.
Hafnarsjóður	43,1 kr.
Veitustofnun	18,7 kr.
Félagslegar íbúðir	5,8 kr.
Sorpmiðstöð	2,8 kr.

Hæstar voru launagreiðslur í málaflokknum fræðslumál, 747,6 millj. kr. Þar á eftir kom þjónustumiðstöð með 147 millj. kr. Fastir starfsmenn eru flestir í málaflokknum fræðslumál og einstakrar stofnunar í Nesskóla. Fjarðabyggð hélt áfram samstarfi með Tölvumiðlun hf. um þróun á nýju launa- og mannauðskerfi. Starfsmannahald breyttist á árinu við sameiningu Austurbyggðar og Fjarðabyggðar.

Upplýsingamál

Ráðist var í kynningarátak undir yfirskriftinni "Þú ert á góðum stað" og voru birtar auglýsingar í dagblöðum, tímaritum, útvarpi og sjónvarpi. Einnig var gefinn út bæklingur með sömu yfirskrift með ýmsum upplýsingum fyrir þá sem vilja flytja til Fjarðabyggðar. Öll heimili fengu send póstkort með myndum frá Fjarðabyggð til þess að senda vinum og ættingjum kveðju og minna um leið á tækifærin í Fjarðabyggð. Ný heimasíða með ferskt útlit var tekin í notkun um haustið og er í stöðugri endurskoðun. Á vefnum birtust 207 fréttapistlar á árinu auk auglýsinga og tilkynninga. Fjarðabyggð var heiðursgestur á menningarnótt í Reykjavík. Á kynningunni var boðið upp á tónlistarveislu og málverka- og ljósmyndasýningu. Boðið var upp á grillað hreindýr og Fjarðabyggðardropa og er talið að Fjarðabyggð hafi fengi um 7.000 gesti á menningarnótt. Mikil bæjarhátíð var haldin í september þegar Fjarðabyggðarhöllin var opnuð formlega en þá var bæjarstjórnarskiptum og sameiningu sveitarfélagsins einnig fagnað.

Íbúápróun

Íbúum Fjarðarbyggðar hélt áfram að fjölga eins og búast mátti við og voru þeir 5.705 hinn 1. desember sl. Þar af voru um 1.320 manns skráðir í starfsmannabúðunum á Haga. Til samanburðar voru íbúar þeirra sveitarfélaga sem nú mynda Fjarðabyggð 4.844 ári fyrr og hafði því fjölgað um 861 þar af um 600 á Haga. Önnur fjölgun þ.e. 260 manns var öll á Reyðarfirði og Eskifirði, en önnur byggðarlög stóðu nokkurn vegin í stað.

Fólksfjöldi í einstökum byggðalögum Fjarðabyggðar hinn 1. des. 2006 var þessi: Á Mjóafirði 38, Norðfirði 1.462, Eskifirði 1.064, Reyðarfirði, 925, á Haga 1.317, Fáskrúðsfirði 668 og 231 á Stöðvarfirði.


Álagning skatta

Álagningarhlutfall úsvars var 13,03%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts var 0,35% á íbúðarhúsnæði, sumarbústöðum og lóðum þeim tengdum ásamt jörðum og eignum sem nýtt eru til landbúnaðar. Lækkaði sú álagning úr 0,38% frá árinu áður. Þá lækkaði álagning á atvinnuhúsnæði úr 1,65% í 1,60%. Vatnsskattur var 0,27%, holræsagjald 0,25%, og lóðarleiga 1,0% af álagningarstofnum. Lóðarleigan var á árinu 2004 1,5% og lækkaði því á milli ára. Sorphreinsunargjald var 8.295 kr. og sorpeyðingargjald 7.140 kr. Þjónustugjöld voru almennt hækkuð í takt við verðlagsþróun og eru með þeim lægstu á landinu.

Ársreikningur 2006

Fimmtudaginn 12. apríl 2007 var ársreikningur Fjarðabyggðar 2006 tekinn til fyrri umræðu bæjarstjórnar en eins og sveitarstjórnarlög kveða á um skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í bæjarstjórn. Seinni umræða um ársreikning Fjarðabyggðar 2006 fór fram 26. apríl.

SKIPTING SKATTTEKNA 2006





STARFSEMIN Á ÁRINU

Þann 1.júlí 2006 sameinuðust sveitarfélögin Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðahreppur, Fjarðabyggð og Mjóafjarðahreppur undir nafninu Fjarðabyggð. Ársreikningurinn samanstóð af samkeyrðum rekstri hinna fjögurra sveitarfélaga fyrir tímabilið 1.janúar til 30. júní og sameinaðs sveitarfélags fyrir tímabilið 1.júlí til 31.desember 2006.

Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var jákvæð sem nam 936,7 millj.kr. í samsstæðuársreikningi, A og B hluta. Þar af var rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um 744,5 millj.kr. Að teknu tilliti til fjármagnsgjalda var rekstur samstæðu jákvæður sem nam 313,7 millj.kr. og A hluta 463,0 millj.kr. Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar 2006 hafði gert ráð fyrir 238,7 millj.kr. rekstrarafgangi samstæðu og 295,3 millj. kr. í A hluta. Því er ljóst að mikill bati er í afkomu sveitarfélagsins á milli ára þar sem rekstrarniðurstaða samstæðunnar árið 2005 var neikvæð um 10,4 millj.kr. og í A hluta 39,2 millj. kr.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2006 námu 3.791,7 millj. kr. í samstæðu, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 3.036,5 millj. kr. Rekstrargjöld í samstæðu námu 2.885,0 millj. kr. og þar af rekstrargjöld A hluta 2.292,0 millj. kr. Veltufé frá rekstri samstæðu nam 1.064,4 millj. kr. og handbært fé frá rekstri nam 972,0 millj. kr. Á árinu 2005 var handbært fé frá rekstri jákvætt um 180,9 millj.kr. og aukningin því á milli ára umtalsverð. Veltufjárlutfall í lok árs 2006 var 1,55 í A hluta og 1,19 í samstæðu.

Áætlanir sveitarfélagsins höfðu eins og áður sagði gert ráð fyrir verri rekstrarafkomu en aukning í útsvarstekjum og framlögum Jöfnunarsjóðs gerði það að verkum að tekjur samstæðu voru 323,6 millj.kr. yfir fjárhagsáætlun en þar af námu tekjur A hluta 297,3 millj. kr. Almennur rekstrarkostnaður í A-hluta var 14,1 millj. kr. lægri en ráð var fyrir gert en laun og launatengd voru 59,7 millj.kr. hærri. Ástæðuna fyrir auknum launakostnaði má rekja til stækkandi rekstrareininga og aukinna umsvifa hjá sveitarfélaginu. Þá hækkaði lífeyrisskuldbinding um 108,0 millj.kr. milli ára. Fjármagnskostnaður var 631,1 millj.kr. en þar af námu verðbætur og gengistap 459,7 millj.kr. Gengisfall íslensku krónunnar var 23% á árinu og hækkuðu erlend lán um 184,3 millj.kr. Vaxtamunur var að sama skapi mikill og er áætlað að vaxtahagræði af erlendu lánasafni Fjarðabyggðar hafi verið 97 millj.kr. sem vóg á móti gengistapi.

Fjárfestingar samstæðu nettó í varanlegum rekstrarfjármunum námu 1.324,8 millj.kr. Eignir sveitarfélagsins eru í lok árs 2006 7.891,3 millj.kr. þar af 6.820,7 millj.kr. í fastafjármunum. Langtímaskuldir við lánastofnanir eru 5.187,3 millj.kr. og skammtímaskuldir 40,1 millj.kr. Eigið fé samstæðu í árslok nam 888,7 millj.kr. þar af 805,8 millj.kr. í A-hluta. Handbært fé í árslok 2006 nam 251,4 millj. kr.

Lykiltölur – í hlutfalli við rekstrartekjur

	Sveitasjóður A hluti	Samantekið A og B hluti
Útsvör og fasteignaskattur	70,9%	56,5%
Framlög jöfnunarsjóðs	16,8%	13,5%
Aðrar tekjur	12,3%	30,0%
Laun og launatengd gjöld	45,8%	39,0%
Annar rekstrarkostnaður	26,1%	29,5%
Afskriftir	3,6%	6,8%
Fjármagnsliðir, nettó	9,3%	16,6%

Fræðslu- og menningarvið

Fræðsluráð

Fræðsluráð fer með málefni leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla samkvæmt lögum um viðkomandi stofnanir. Auk lögbundinna verkefna getur bæjarstjórn falið ráðinu ýmis verkefni með erindisbréfum.

Fræðsluráð er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Aðalmenn í ráðinu í árslok voru þau Ævar Ármannsson formaður, Svanhvít Aradóttir varaformaður, Hrönn Grímsdóttir, Jóna Ingunn Óskarsdóttir og Árdís Aðalsteinsdóttir. Fræðsluráð hélt 15 fundi á árinu 2006.

Samstarfssamningur um úrvinnslu rannsókna varðandi hag og líðan ungs fólks á Austurlandi var undirritaður 1.apríl. Að samningnum standa menntamálaráðuneytið, Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað, Rannsóknir og Greining og Háskólinn í Reykjavík.

Haldið var upp á 50 ára afmæli Tónskóla Neskaupstaðar 7. október með tónlistarveislu.

Nýbyggingar grunn- og leikskóla á Reyðarfirði voru formlega vígðar 1.desember við hátíðlega athöfn.

Grunnskólar

Sex grunnskólar eru starfandi í Fjarðabyggð. Þeir eru Grunnskóli Eskifjarðar, Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, Grunnskóli Mjóafjarðar, Grunnskóli Reyðarfjarðar, Grunnskóli Stöðvarfjarðar og Nesskóli. Í árslok 2006 voru um 670 nemendur við nám í grunnskólunum. Stöðugildi við skólana voru 127 í árslok 2006.

Í maí var Marías Benedikt Kristjánsson ráðinn skólastjóri Nesskóla en hann tók við starfinu af Ólafi Hr. Sigurðssyni sem ráðinn var bæjarstjóri á Seyðisfirði. 1.ágúst tók Líneik Anna Sævarsdóttir við starfi skólastjóra Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar af Þórhildi Helgu Þorleifsdóttur. Ákveðið var að skólarnir á Eskifirði, Reyðarfirði og í Neskaupstað tækju þátt í Olweusaráætluninni gegn einelti en skólarnir



STARFSEMIN Á ÁRINU

á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði hafa verið þátttakendur í verkefninu frá hausti 2004.

Nemendur í almennum bekkjardeildum skiptust þannig á skólana skólaárið 2006-2007:

- Grunnskóli Reyðarfjarðar, 148 nemendur í 10 bekkjardeildum.
- Grunnskóli Eskifjarðar, 167 nemendur í 10 bekkjardeildum.
- Nesskóli, 210 nemendur í 13 bekkjardeildum.
- Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, 100 nemendur í 10 bekkjardeildum.
- Grunnskóli Stöðvarfjarðar, 45 nemendur
- Grunnskóli Mjóafjarðar, 2 nemendur


Leikskólar

Fjarðabyggð rekur fimm leikskóla fyrir börn á aldrinum eins til sex ára auk þess sem dagvistun er í Mjóafirði. Leikskólarnir eru Balaborg Stöðvarfirði, Dalborg Eskifirði, Kæríbær Fáskrúðsfirði, Lyngholt Reyðarfirði og Sólvellir Neskaupstað. Í árslok voru 90 börn á Sólvöllum, 65 á Lyngholti, 60 á Dalborg, 37 á Kærabæ og 9 á Balaborg. Stöðugildi við leikskólana voru um 65 í árslok. Í mars tók Sóley Valdimarsdóttir við starfi leikskólastjóra á Dalborg af Grétu Lind Sigurðardóttur.

Tónlistarskólar

Fjarðabyggð rekur þrjá tónlistarskóla. Þeir eru Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, Tónlistarskóli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar og Tónskóli Neskaupstaðar. Um áramót voru 140 nemendur í Tónskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, 80 í Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar og 120 í Tónskóla Neskaupstaðar. Stöðugildi við skólana voru 13 en kennt er á öll helstu hljóðfæri.

TIL FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁLA VAR VARIÐ 1.010,7 MILLJ. KR. TIL REKSTRAR, EÐA 38,1% AF SKATTEKJUM



Meningarmál

Meningarráð

Meningarráð fer með málefni bókasafna samkvæmt ákvæðum laga um almenningsbókasöfn. Einnig fer ráðið með málefni annarra safna samkvæmt ákvæðum laga og samninga þar um. Þá tilnefnir ráðið fulltrúa í stjórn Héraðsskjalasafns, Náttúrustofu Austurlands og Sjóminjasafns Austurlands til bæjarstjórnar. Menningarráð skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja skv. Þjóðminjalögum. Þá skal ráðið sinna málefnum söguritunar og menningarmálum í víðasta skilningi. Auk verkefna sem menningarráð hefur með höndum lögum samkvæmt getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með samþykktum og erindisbréfum.

Meningarráð er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Aðalmenn í ráðinu í árslok voru þau Jón Björn Hákonarson formaður, Díana Mjöll Sveinsdóttir varaformaður, Hildur Magnúsdóttir, Þórunna L. Snorradóttir og Þórður Vilberg Guðmundsson. Menningarráð hélt 12 fundi á árinu 2006.

Áfram var unnið við framkvæmdir við Jensenshús á Eskifirði og í árslok voru framkvæmdir langt komnar.

Fjöldi tónleika og annarra viðburða var haldinn í Kirkju- og menningarmiðstöðinni Eskifirði á árinu og var hápunkturinn tvímælaust flutningur Sköpunarinnar eftir Haydn í maímánuði.

Lokið var ritun 1.bindis sögu Norðfjarðar sem unnið hafði verið við um nokkurra ára skeið og kom bókin út fyrir jólin.

Fjarðabyggð var sérlegur gestur Menningarnætur í Reykjavík þann 19.ágúst. Sett var upp stórglæsileg tónlistardagskrá auk kynningar á sveitarfélaginu.

Fyrsta úthlutun úr Menningarsjóði Fjarðabyggðar fór fram á árinu. Veittar voru 500.000.- kr. úr sjóðnum og hlaut Þorsteinn Helgi Árbjörnsson styrkinn. Þorsteinn lauk námi í óperusöng við Oberlin College Conservatory í Ohio vorið 2006 og var honum afhentur styrkurinn föstudaginn 2. júní.

Styrkúthlutanir menningarráðs fóru fram í mars og var úthlutað á fjórðu milljón til ýmissar menningartengdrar starfssemi.

Listahátíð ungs fólks í Fjarðabyggð – „Sprotinn“ var haldin dagana 31. mars - 7. apríl. Hátíðin er ætluð ungu fólki á aldrinum 16-25 ára. Ýmsir viðburðir voru í listahátíðarvikunni, s.s. söngleikurinn Væluþjófi (Cry Baby), stuttmyndasýningar, tónleikar o.fl.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Ríkarður Long Ingibergsson færði Fjarðabyggð að gjöf um fjörutíu trélistaverk. Um er að ræða hluta þeirra verka sem Ríkarður hefur unnið á langri ævi en hann er menntaður trésmíðameistari en algjörlega sjálfmenntaður í tréskurðarlistinni. Ríkarður og Albert sonur hans afhentu verkin formlega í móttöku í Egilsbúð. Um er að ræða einstaklega glæsilega muni en þeir verða varðveittir í Safnahúsinu í Neskaupstað.

Bókasöfn

Fimm bókasöfn eru í Fjarðabyggð.

Almennings- og skólabókasafnið á Eskifirði er til húsa á jarðhæð í Grunnskóla Eskifjarðar, Lambeyrarbraut 16. Gengið er inn í safnið frá Strandgötu.

Á árinu var útbúin sér deild innan bókasafnsins á Eskifirði sem tileinkuð er bókagjöf Einars Braga. Bækurnar sem Einar Bragi hefur gefið á liðnum árum eru um 600 og tengjast allar Eskifirði á einn eða annan hátt. Bókakostur safnsins var um 14.000 bækur í árslok 2006. Forstöðumaður bókasafnsins á Eskifirði er Guðný Einarsdóttir.

Almennings- og skólabókasafnið á Reyðarfirði er til húsa í nýju og glæsilegu húsnæði að Heiðarvegi 14a á jarðhæð í Grunnskóla Reyðarfjarðar. Almenningsbókasafnið og skólabókasafnið voru sameinuð í eitt safn við flutning þeirra í nýtt húsnæði.

Bókakostur safnsins á Reyðarfirði, þ.e. skóla- og almenningsafnsins taldi rúmlega 16.000 bækur í árslok 2006. Forstöðumaður bókasafnsins á Reyðarfirði er Guðrún Rúnarsdóttir.

Almennings- og skólabókasafnið í Neskaupstað er til húsa á jarðhæð Nesskóla að Skólavegi 9. Bókakostur safnsins í Neskaupstað taldi um 19.000 bækur í árslok 2006. Forstöðumaður bókasafnsins í Neskaupstað er Margrét Björnsdóttir.

Almenningsbókasafnið á Fáskrúðsfirði er til húsa að Skólavegi 39. Bókakostur safnsins á Fáskrúðsfirði var um 7.000 bækur í árslok 2006.

Forstöðumaður bókasafnsins á Fáskrúðsfirði er Elsa Guðjónsdóttir.

Almennings- og skólabókasafnið á Stöðvarfirði er til húsa í Grunnskóla Stöðvarfjarðar, Skólabraut 20. Bókakostur safnsins taldi um 8.000 bækur í árslok 2006.

Forstöðumaður bókasafnsins á Stöðvarfirði er Linda Hugdís Guðmundsdóttir.

Önnur söfn

Safnastofnun Fjarðabyggðar fer með yfirumsjón safnamála í Fjarðabyggð.

Við stofnunina starfa 6 fastir starfsmenn auk sumarstarfsmanna og verktaka sem fengnir eru til starfa tímabundið við ýmis verkefni á vegum stofnunarinnar.

Í Fjarðabyggð eru fimm höfuðsöfn

Íslenska Stríðsárasafnið á Reyðarfirði, Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði, Náttúrugripasafnið í Neskaupstað, Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar og Málverkasafn Tryggva Ólafssonar í Neskaupstað.

Unnið hefur verið að uppbyggingu safnahúss í Neskaupstað sem mun hýsa þrjú af ofantöldum söfnum sem eru í Neskaupstað. Húsið er á þremur hæðum og er heildarstærð þess um 900 m².

Á árinu 2006 komu um 1400 gestir á Íslenska Stríðsárasafnið, 1200 á Sjóminjasafnið og um 2500 gestir heimsóttu Safn Jósafats Hinrikssonar og Málverkasafn Tryggva Ólafssonar. Vegna flutnings Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað í nýtt sýningarhúsnæði var safnið lokað árið 2006.

Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar, Málverkasafn Tryggva Ólafssonar og Náttúrugripasafnið í Neskaupstað

Söfnin eru að Egilsbraut 2 í Neskaupstað.

Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar er sjálfseignarstofnun og er Fjarðabyggð einn af stofnaðilunum.

Unnið hefur verið að stofnun sjálfseignarstofnunar um málverkasafn Tryggva Ólafssonar og var Fjarðabyggð einn þeirra aðila sem undirrituðu viljayfirlýsingu þess efnis. Safnið á nú rúmlega 200 verk eftir listamanninn.

Myndasafnið Eskifirði

Á árinu 2006 var Myndasafn Eskifjarðar flutt í nýtt húsnæði að Strandgötu 48a Eskifirði. Safninu barst vegleg gjöf er það eignaðist filmusafn ljósmyndarans Vilbergs Guðnasonar. Vilberg starfaði sem ljósmyndari á Eskifirði frá árinu 1944 til ársins 2000.


Í Ljósmyndasafni Eskifjarðar eru um 30.000 myndir og myndaplötur. Búið er að tölvuskra um 8.000 myndir en mestur hluti safnsins er skráður í spjaldskrá og aðfangabækur. Safnið er ekki aðgengilegt fyrir almenning enn sem komið er.

STARFSEMIN Á ÁRINU

Skjala- og myndasafn Norðfjarðar

Safnið er ekki opið almenningi en upplýsingar um það er hægt að fá hjá Safnastofnun. Þar eru geymd ýmis skjöl og myndir frá Norðfirði fyrir sameiningu sveitarfélaganna. Ennfremur er Fjarðabyggð aðili að Héraðsskjalasafni Austurlands en ýmis skjöl tengd gömlu sveitarfélögunum sem nú mynda Fjarðabyggð eru geymd þar.

TIL MENNINGARMÁLA VAR VARIÐ 85,2 MILLJ. KR.
TIL REKSTRAR, EÐA 3,2% AF SKATTTEKJUM



Æskulýðs- og íþróttamál

Íþrótt- og tómstundanefnd

Íþrótt- og tómstundaráð fer með stjórn íþrótt- og tómstundamála í umboði bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

Ráðið er skipað fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Aðalmenn í íþrótt- og tómstundaráði í árslok voru Stefán Ingvarsson formaður, Íris Valsdóttir varaformaður, Bjarney Hallgrímsdóttir, Benedikt Jóhannsson og Margrét Þorvaldsdóttir.

Alls voru haldnir 19 fundir á árinu 2006 og fékk ráðið fjölda erinda inn á sitt borð. Má þar nefna ýmislegt er tengdist framkvæmdum við íþróttamannvirki og afgangi styrkumsókna. Fjölmörg íþrótt- og æskulýðsnámskeið voru haldin í samvinnu við íþróttafélögin og Náttúrustofu Austurlands.

Mikið var um vígsluathafnir á árinu. 19.mai var ný sundlaug vígð á Eskifirði, í lok júlí var nýtt húsnæði við sundlaug Norðfjarðar vígt ásamt nýjum gervigrasvelli á Norðfirði og 16.september var svo vígsluhátíð í nýju Fjarðabyggðarhöllinni á Reyðarfirði þar sem Helga Jónsdóttir nýr bæjarstjóri var boðin velkomin og Guðmundur Bjarnason fráfarandi bæjarstjóri kvaddur.

Fjarðabyggð tók þátt í sameiginlegu þróunarverkefni Lýðheilsustöðvar og sveitarfélaga „Allt hefur áhrif, einkum við sjálf“.

Eins og undanfarin ár fengu einstaklingar og íþróttafélög fjárstyrki og íþróttamaður ársins 2006 var kjörinn Eskfirðingurinn Eggert Gunnþór Jónsson sem nú leikur knattspyrnu hjá Hearts í Skotlandi.

Starfsmannamál

Auk starfs æskulýðs- og íþróttafulltrúa voru í árslok fjögur og hálf stöðugildi við félagsmiðstöðvarnar og fimmtán við íþróttamannvirkin.

Íþróttamannvirki

Aðstaða í Fjarðabyggð til íþróttaiðkunar er ágæt.

Á Norðfirði er 45 m x 22 m íþróttahús, 25 m x 8,3 m útisundlaug, gervigrasvöllur og lítið æfingrasvæði fyrir knattspyrnu. Sundlaugin er opin allt árið um kring og var heildarfjöldi gesta árið 2006 tæplega 16.000 en vegna framkvæmda við laugina var hún aðeins opin í um 7 mánuði.

Íþróttahúsið á Eskifirði er 27 m x 14 m en með tilkomu nýrrar útisundlaugar sem vígð var á Eskifirði síðastliðið vor verður framvegis hægt að nýta húsið sem sal allt árið.

Sundlaugin er 25m x 13,3m. Tveir heitir pottar eru við laugina auk vaðlaugar fyrir börn og stór þreföld rennibraut. Notendur laugarinnar, á þeim sjö mánuðum sem hún var opin, voru um 24.000.

Á Reyðarfirði er 27 m x 15 m íþróttahús yfir vetrarmánuðina og heitur útípotur er opin allt árið. Húsið er nýtt sem 16,6 m x 8 m sundlaug á sumrin.

Fjöldi gesta í sundlaug Reyðarfjarðar sumarið 2006 voru 6.612 en á árinu 2005 voru þeir 7.371.

Fjarðabyggðarhöllin er tengd íþróttahúsinu með tengigangi og í kjallara íþróttahússins hefur verið komið upp fjórum búningasklefum, auk starfsmannaaðstöðu.

Fjarðabyggðarhöllin er stórt mannvirki með 126m x 72m gervigrasvelli. Meðfram annarri hlið vallarins eru hlaupabrautir með stökkgrýfjum og aðstöðu fyrir aðrar frjalsar íþróttir. Sæti eru í höllinni fyrir á fimmta hundrað manns.

Á árinu voru opnaðar líkamsræktarstöðvar í sundlaugunum á Norðfirði og Eskifirði. Fyrirtækið Heilsuþylting rekur líkamsræktina á Norðfirði en Iceland Spa & Fitness rekur stöðina á Eskifirði en ISF rekur einnig stöðina við íþróttahúsið á Reyðarfirði.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Á Fáskrúðsfirði er nýlegt 44 m x 22 m íþróttahús.

Á efri hæð í íþróttahúsinu hefur Ungmennafélagið Leiknir komið upp ágætri líkamsræktaraðstöðu. Sundlaugin er gömul 16,6m x 8m innisundlaug. Nýr sparkvöllur er við skólann.

Á Stöðvarfirði er sundlaug, íþróttahús og grasvöllur.

Sundlaugin er 16,6m x 8m gömul útilaug en í nokkuð góðu standi en þarf viðhald eins og gerist með gömul mannvirki. Gestir sundlaugar á árinu 2006 voru 6.528. Íþróttahúsið er nýlegt en ekki fullklárað en þar hyggur Ungmennafélagið Súlan á að koma upp líkamsræktaraðstöðu á næstunni.

Í aðsóknartölum í sundlaugar eru allar komur í laugarnar, þ.m.t. notkun íþróttafélaga, sundkennsla í grunnskólunum auk aðsóknar eldri borgara og barna undir 16 ára aldri.

Íþróttavellir

Grasvellir eru í öllum byggðakjörnum nema á Norðfirði en þar er gervigrasvöllur. Ástand vallanna hefur verið misgott.

Fjarðabyggð og Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar hafa með sér rekstrarsamning og sá KFF alfarið um daglegan rekstur vallanna á Norðfirði og Eskifirði auk Fjarðabyggðarhallarinnar, sparkvallanna og annara æfingasvæða.

Ungmennafélagið Valur á Reyðafirði sá um umhirðu vallarins á Reyðarfirði en hluti vallarins lenti á byggingasvæði hallarinnar.

Grasvellir á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði hafa verið hirtir af starfsmönnum sveitarfélagsins og íþróttafélaganna.

Íþróttahús og styrkir til íþróttafélaga

Íþróttahúsin eru vel nýtt. Fyrri hluta dags fer þar fram leikfimikennsla skólanna, en síðari hluta dags og á kvöldin nýta félög og einstaklingar húsin.

Íþróttafélögin í Fjarðabyggð hafa ótakmarkaðan aðgang að húsunum fyrir börn á grunnskólaaldri og meistaraflokka. Þau afnot eru bókfærð sem styrkur Fjarðabyggðar til félaganna og koma þau afnot til viðbótar beinum fjárframlögum sem ákvarðast af fjölda barna á aldrinum 6-16 ára í hverjum byggðarkjarna.

Önnur íþróttaaðstaða

Golfvellir eru á Norðfirði og Eskifirði. Um er að ræða góða níu holu velli sem hafa verið í markvissri uppbyggingu. Bæjarfélagið styrkir golfklúbbana til uppbyggingar vallanna en vellirnir eru alfarið reknir af félögnum. Golfklúbbarnir njóta einnig styrkja til reksturs líkt og

önnur íþróttafélög í sveitarfélaginu.

Á árinu kom upp sú hugmynd að á svæðinu fyrir austan álver Alcoa að friðlandinu í Hólmanesi yrði gerður 18 holu golfvöllur af Golfklúbbi Fjarðabyggðar. Ákvörðun liggur ekki fyrir um þá framkvæmd. Stöðug fjölgun er á iðkendum golfíþróttarinnar og ljóst er að góðir golfvellar eru eitt af því sem laða ferðamenn til Fjarðabyggðar.

Hestamannafélagið Blær hefur aðstöðu á Kirkjubólseyrum í Norðfirði og hefur gert samning við Fjarðabyggð um uppbyggingu þar. Þar er nú áformað að byggja reiðskemmu en Blær var eitt þeirra hestamannafélaga sem fékk styrk frá landbúnaðarráðuneyti til slíkrar byggingar.

Skotiþróttafélagið Dreki hefur byggt upp starfsemi sína undir Hólmgerðarfjalli ofan við Eskifjörð með tilstyrk sveitarfélagsins.

Íþróttalífið

Íþróttafélögin í Fjarðabyggð njóta styrkja frá sveitarfélaginu og sjá um alla framkvæmd við íþróttaiðkun og leikjanámskeið barna og ungmenna. Íþróttir eru ein af meginstöðum félagslífs í Fjarðabyggð og teygir starfsemi ungmenna- og íþróttafélaganna anga sína víða íbúum öllum til heilla.

Félagsmiðstöðvar

Í Fjarðabyggð eru fimm félagsmiðstöðvar, ein í hverjum byggðarkjarna. Knellan er á Eskifirði og Zveskjan á Reyðarfirði, báðar í sögufrægu húsnaði sem áður hýsti barnaskóla staðanna. Í Neskaupstað er félagsmiðstöðin Atóm í nýlega uppgerðu húsnaði, á Fáskrúðfirði er félagsmiðstöðin Hellirinn í kjallara félagsheimilisins Skrúðs og á Stöðvarfirði er félagsmiðstöðin Stöðin í félagsheimilinu.

Hverri félagsmiðstöð er veitt forstaða af forstöðumanni en þó er sami forstöðumaður á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði. Samstarf milli félagsmiðstöðvanna, starfsfólks og gesta þeirra er nokkuð markvissst og leitast er við að hafa sameiginlegar uppkomur og gangkvæmar heimsóknir a.m.k. einu sinni á önn. Tilraunaverkefni er í gangi með Ungmennahúsið Austurríki á Eskifirði sem fróðlegt verður að sjá hvernig þróast.


Skíðamiðstöðin Oddsskarði

Á skíðasvæði Fjarðabyggðar í Oddsskarði er mjög góð aðstaða til iðkunar skíða- og útivistaríþróttar. Togbrautirnar eru þrjár, Sólskinsbraut, Goðabraut og Selbraut í misbröttu landi og geta því allir fundið brekku við sitt hæfi. Í Skíðaskálanum er veitingasala og boðið uppá gistingu fyrir hópa.

STARFSEMIN Á ÁRINU

Þrátt fyrir snjóléttan vetur var skíðasvæðið opið í yfir 60 daga veturinn 2006 þar af 28 daga í Selbraut það er aðallyftu og 8 daga í Goðabraut það er topplyftu. Síðla sumars var lokið við jarðvegsframkvæmdir þar sem hluti svæðisins var grjóthreinsað og brekkur sléttaðar. Þetta leiðir til þess að hægt er að opna skíðasvæðið í mun minni snjó en áður var, auk þess sem skíðaleiðir eru öruggari. Þá var ákveðið seint í haust að kaupa tvær notaðar snjóbyssur af Reykjavíkurborg og gera tilraun til snjóframleiðslu í Sólskinsbraut, þ.e. barnalyftu. En áður en til þeirrar framleiðslu kom var kominn snjór á svæðið og opnuðu lyftur 4.nóvember og voru opnar meðan veður leyfði til áramóta. Þar bættust við 15 dagar en opið var í bæði Sólskinsbraut og Selbraut. Að mestu var um helgaropnanir að ræða.

TIL ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁLA VAR VARIÐ 276,9 MILLJ. KR. TIL REKSTRAR, EÐA 10,4% AF SKATTEKJUM



Félagspjónustusvið

Félagsmálaráð

Félagsmálaráð starfar í umboði bæjarstjórnar Fjarðabyggðar og fer með stjórn og framkvæmd félagsmála eftir því sem kveðið er á um í lögum um félagspjónustu sveitarfélaga sem og öðrum lögum og reglum er varða málaflökkinn.

Aðalmenn í félagsmálaráði eru: Sigrún Birna Björnsdóttir formaður, Aðalsteinn Valdimarsson, Ásta Snædís Guðmundsdóttir, Elvar Jónsson og Steinar Gunnarsson. Félagsmálaráð fer með hlutverk barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, húsnæðisnefndar og áfengisvarnanefndar.

Fjarðabyggð og Mjóafjarðarhreppur höfðu fyrir sameiningu sveitarfélaganna með sér samstarfssamning um starfrækslu barnaverndarnefndar.

Félagsmálaráð hélt 16 fundi á árinu 2006.

Starfsemi félagspjónustusviðs

Stöðugildi við félagspjónustusvið voru 18.5 í árslok.

Forstöðukona sviðsins er Sigríður Stefánsdóttir, Hildur Ýr Gísladóttir gegndi starfi félagsmálafulltrúa og Guðmundur Yngvi Hraunfjörð er húsnæðisfulltrúi sveitarfélagsins.

Við sameiningu sveitarfélaganna var Ingibjörg Heiðrún Sigfúsdóttir, félagsráðgjafi, ráðin í stöðu félagsmálafulltrúa.

Samningur er fyrir hendi um kaup sveitarfélagsins á hálfu stöðugildi sálfræðings hjá Skólaskrifstofu Austurlands. Þessi þjónusta og samstarf hafa nýst mjög vel.

Aðrir starfsmenn sviðsins sinna félagslegri heimaþjónustu, liðveislu við fatlaða, félagsstarfi aldraðra, akstri fatlaðra og húsvörslu.

Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð

Á árinu var veitt margháttað félagsleg ráðgjöf svo sem vegna sjúkdóma, atvinnuleysis, fjölskylduaðstæðna og fleira. Fjárhagsaðstoð nam 4.2 milljónum.

Vaxandi þáttur er, eðli málsins samkvæmt, ýmis umsýsla og ráðgjöf vegna dvalar- og atvinnuleyfa erlendra ríkisborgara og skyldra atriða.

Málefni aldraðra

Í Fjarðabyggð eru 32 íbúðir sérstaklega ætlaðar öldruðum. Hlutfallslega eru því 10 íbúar 67 ára og eldri um hverja íbúð.

Norðfjörður

Í Breiðabliki eru 27 íbúðir, níu hjónaíbúðir og 18 einstaklingsíbúðir. Íbúðirnar eru félagslegar leiguíbúðir fyrir aldraða. Nokkur biðlisti hefur skapast þar. Meðalaldur íbúa í Breiðabliki er 84 ár. Þörfin fyrir þjónustu er mikil og hefur verið leitast við að mæta henni með fjölgun stöðugilda og sveigjanleika í starfsemi. Starfsmaður félagspjónustunnar er í Breiðabliki til kl. 19 alla virka daga og á stuttum vöktum um helgar auk þeirrar þjónustu sem heilsugæslan veitir.

Vorið 2007 verður tekin í notkun ný hjúkrunardeild fyrir aldraða við Fjórðungssjúkrahúsið og mun hún breyta aðstæðum verulega.

Tveir starfsmenn sjá um félagsstarf í Breiðabliki þrjá til fjóra daga vikunnar.

Félag eldri borgara á Norðfirði hefur Sigfúsarhús við Nesgötu til afnota fyrir fjölpætta starfsemi sína.

STARFSEMIN Á ÁRINU

Eskifjörður

Í Hulduhlíð – heimili aldraðra á Eskifirði eru hjúkrunarrúm 17 og sjö rúm á dvalarheimili. Bygging hjúkrunarheimilis mun væntanlega hefjast á árinu 2007.

Tveir starfsmenn sjá um félagsstarf aldraðra í Hulduhlíð þrisvar í viku. Félag eldri borgara á Eskifirði hefur Melbæ til afnota fyrir margháttaða starfsemi sína.

Reyðarfjörður

Við Sunnugerði á Reyðarfirði er einlyft timburhús með fimm íbúðum fyrir aldraða. Í húsinu eru tvær hjónaíbúðir og þrjár einstaklingsíbúðir. Ein einstaklingsíbúð og ein hjónaíbúð var laus 1. desember 2006.

Tveir starfsmenn sjá um félagsstarf tvo eftirmiðdaga í viku. Starfið fór fram að Búðareyri 25, en það húsnæði hafði Félag eldri borgara á Reyðarfirði einnig til afnota fyrir starfsemi sína. Í árslok var starfsemin flutt í nýtt húsnæði að Melgerði 13 en þar leigir sveitarfélagið aðstöðu í háhýsi sem byggt er sérstaklega með þarfir íbúa eldri en 55 ára í huga.

Fáskrúðsfjörður

Á Fáskrúðsfirði er dvalar- og hjúkrunarheimilið Uppsalir en þar eru 14 hjúkrunarrými og dvalarrými fyrir 12 einstaklinga.

Félagsstarf aldraðra fer fram í húsi Afsl-starfsgreinafélags tvisvar í viku en þar er einn starfsmaður félagsþjónustunnar.

Stöðvarfjörður

Á Stöðvarfirði koma eldri borgarar saman til félagsstarfs tvisvar í viku að Leynimel 7 og eru þar tveir starfsmenn.

Félagsleg heimaþjónusta

Eftirspurn eftir heimaþjónustu hefur farið vaxandi og hefur tekist að mæta henni mjög vel. Stöðugildi við félagslega heimaþjónustu voru sjö í lok árs 2006 og kostnaður vegna hennar 28.3 milljónir króna á árinu. Er þá meðtalin þjónusta í Breiðabliki sem er sameiginleg fyrir alla íbúa þar.

Málefni fatlaðra

Náin samvinna er um málefni fatlaðra með félagsþjónustusviði og Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Austurlandi, sem og heilsugæslu og öðrum stofnunum eftir því sem við á.

Þjónusta við fatlaða miðar að því að tryggja þeim sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna. Leitast er við að veita félagslega liðveislu eins og best hentar þörfum hvers einstaklings. Sérútbúin bifreið er notuð við akstursþjónustu fatlaðra og er starfsmaður í 70% stöðugildi þar.

Heildarkostnaður félagsþjónustunnar vegna þjónustu við fatlaða var 8,5 milljónir króna.

Jafnréttismál


Í maí var landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga haldinn í Reykjavík og sóttu hann félagsmálafulltrúi og einn nefndarmaður. Óskað var eftir því að næsti landsfundur yrði haldinn í Fjarðabyggð og verður hann í sumarbyrjun 2007.

Forvarnir

Verulegt forvarnastarf hefur verið unnið vegum félagsmálaráðs og félagsþjónustusviðs í samstarfi við fræðslu- og menningarsvið og fleiri aðila svo sem heilsugæslu, foreldrafélög, félagsmiðstöðvar, lögreglu og kirkju. Ber þar hæst þátttöku í verkefninu „Allt hefur áhrif, einkum við sjálf“. Verkefnið er unnið með 24 öðrum sveitarfélögum sem og Lýðheilsustöð. Áhersla er lögð á bætt mataræði og aukna hreyfingu barna og ungmenna. Áætlað er að verkefnið standi til ársins 2011.

Meðal annarra forvarnarverkefna sem sveitarfélagið tók þátt í er „Hættu áður en þú byrjar“ sem Marita á Íslandi hefur haft veg og vanda af. Í samstarfi við Verkmenntaskóla Austurlands var fenginn fulltrúi frá Saft, sem stendur fyrir Samfélag, fjölskylda og tækni og veitir heilræði og fræðslu um örugga netnotkun barna. Félagsþjónustusvið hefur auk þessa sinnt margháttaðri fræðslu um útivistartíma og fleira, einkum á foreldrafundum skólanna.

TIL FÉLAGSÞJÓNUSTU VAR VARID 109,9 MILLI. KR. TIL REKSTRAR, EÐA 4,1% AF SKATTTEKJUM





STARFSEMIN Á ÁRINU

Á haustmánuðum var lagður grunnur að tilraunaverkefni á vegum félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar og Stígamóta. Verkefnið nefnist "Stígamót á staðinn" og felst í því að starfskonur Stígamóta koma út á land og veita fólki viðtöl, koma af stað sjálfshjálparhópum og fleiri úrræðum. Austurland varð fyrir valinu sem fyrsti áfangi þessa verkefnis. Miklar vonir eru bundnar við starfið bæði í átt til betra lífs fórnarlamba kynferðisofbeldis en einnig í forvarnarskyni.

Málefni innflytjenda

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haustið 2005 var gerð samþykkt um nauðsyn þess að efla íslenskukennslu og kennslu um íslenskt samfélag fyrir innflytjendur. Í framhaldi þessa var kallaður til 40 manna hópur til að vinna verkefni um bættu þjónustu við innflytjendur á Austurlandi. Sérstök verkefnisstjórn fékk það hlutverk að móta og halda utan um verkefnið og átti Hildur Ýr Gísladóttir, félagmálfulltrú Fjarðabyggðar, sæti í henni. Afrakstri verkefnisins voru gerð skil í skýrslunni Svona gerum við – Leiðir að fjölmenningarlegu samfélagi á Austurlandi.

Þjónustuíbúðir fatlaðra

Við Bakkabakka á Norðfirði er einlyft fjölbýlishús með fjórum íbúðum sem eru sérhannaðar fyrir fatlaða. Þar geta fatlaðir einstaklingar bæði notið fastrar búsetu og skammtímadvalar. Íbúðir þessar hafa mikið þjónustugildi fyrir sveitarfélagið.

Á Fáskrúðsfirði eru tvær íbúðir sem ætlaðar eru fötluðum.

Húsnæðismál

Í stefnu Fjarðabyggðar um félagslegar leiguíbúðir er áformað að fækka íbúðum í kerfinu með sölu. Um miðbik ársins 2008 er áætlað að 45 íbúðir verði í eigu sveitarfélagsins. Gengið var frá sölu á ellefu íbúðum á árinu 2006. Seldar voru tvær íbúðir í tveimur fjögurra herbergja parhúsum á Reyðarfrði og eitt fimm herbergja parhús, ein þriggja herbergja íbúð í parhúsi og fjórar fjögurra herbergja íbúðir í tveimur fjölsbýlishúsum í Neskaupstað, ein fjögurra herberga íbúð í raðhúsi, ein þriggja herbergja íbúð í parhúsi og ein þriggja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi á Eskifirði.

Alls bárust 56 umsóknir um leiguhúsnæði á árinu.

Úthlutanir voru 32 en sjö einstaklingar og fjölskyldur drógu umsókn til baka, þremur umsóknum var synjað og 11 umsóknir biða úthlutunar. Í árslok 2006 voru þrjár félagslegar leiguíbúðir lausar.

Félagslegar leiguíbúðir Fjarðabyggðar í árslok 2006 voru 101. Þar af voru 32 leiguíbúðir fyrir aldraða og sex íbúðir fyrir fatlaða.

Húsaleigubætur

Alls bárust 149 umsóknir um húsaleigubætur og voru þær greiddar til 123 einstaklinga að meðaltali á mánuði. Útborgaðar húsaleigubætur voru kr. 17,739.330,-.

Umhverfismálasvið

Undir umhverfismálasvið heyrja skipulags-, byggingar-, og umferðarmál ásamt öllu því sem snýr að umhverfismálum í Fjarðabyggð. Á umhverfismálasviði starfa sjö starfsmenn. Við myndun nýrrar Fjarðabyggðar voru samþykktir nefnda endurskoðaðar og breyttist heiti Umhverfismálanefndar í Umhverfismálaráð, sem fer með málefni byggingar- og skipulagsnefndar, umferðarnefndar auk þess að fjalla um málefni sem snerta umhverfismál. Ennfremur var skipuð ný nefnd Landbúnaðarnefnd og er hún undirnefnd Umhverfismálaráðs og fer með landbúnaðar- og búfjárhaldsmál. Vegna byggingar álvers hefur verið samið við verkfræðistofu um að sjá um eftirlit byggingarfulltrúa á álverslóð.

Á árinu hélt nefndin/ráðið 25 fundi og var að venju mest fjallað um málefni tengd skipulags- og byggingarmálum. Þá var einnig fjallað um ýmis umhverfismál. Haldnir voru borgarafundir í öllum þéttbýlisstöðum og voru þeir vel sóttir.

Í umhverfismálaráði sitja Eiður Ragnarsson, formaður, Guðmundur R. Gíslason, varaformaður, Aðalheiður Vilbergsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Pétur Gauti Hreinsson.

Í Landbúnaðarnefnd sitja Sigurður Baldursson, formaður, Sigfús Vilhjálmsson, varaformaður, Halldór Jóhannsson, Ármann Elísson og Axel Jónsson.

Landbúnaðarnefnd hélt þrjá fundi á árinu.

Tæknideild

Umhverfismálasvið hefur aðsetur á tveimur stöðum í sveitarfélaginu. Í Neskaupstað sitja forstöðumaður þess og umhverfisfulltrúi Á Reyðarfrði sitja byggingar- og skipulagsfulltrúi ásamt tveimur fulltrúum byggingarfulltrúa og eftirlitsmaður fasteigna. Undir umhverfismálasvið heyrir einnig slökkviliðsstjóri sem staðsettur er á Eskifirði.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Þjónustumiðstöð Fjarðabyggðar

Þjónustumiðstöð heyrir undir umhverfismálasvið og hefur þrjár starfsstöðvar, á Fáskrúðsfirði, Eskifirði og í Neskaupstað. Á Reyðarfirði og á Stöðvarfirði eru tækjageymslur og starfsmannaaðstaða fyrir þá sem eru þar að störfum hverju sinni. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar sinna verkefnum um allt sveitarfélagið óháð staðsetningu sinni.

Á vegum þjónustumiðstöðvar eru gerðir út þrjár vegheflar, þrjár traktorsgröfur, tveir vörubílar, fjórir traktorar, Broyt grafa og auk þess 10 smærri bíla.

Þjónustumiðstöðin sér um viðhald og eftirlit með vatnsveitum Fjarðabyggðar, viðhaldi gatna og holræsa, umferðarmerkja og sinnir alhliða verkefnum og þjónustu við íbúa og stofnanir Fjarðabyggðar.

Gatnaframkvæmdir

Á árinu var lokið við malbikun á götum í Dal á Eskifirði auk þess sem hluti af gangstéttum voru malbikaðar. Lokið var við lagningu malbiks á Hólsveg. Vegagerðin lagði malbik á Strandgötu í gegnum miðbæ Eskifjarðar. Fjarðabyggð lagði malbik á Hlíðarendaveg og Smiðjustíg á Eskifirði og Melagötu í Neskaupstað. Í miðbæ Neskaupstaðar var áfram unnið að hellulögn og gróðursetningu og lögð malbiksyfirlögn á hluta af Mýrargötu. Unnið var við jarðvegsskipti og lagnir við Sæbakka, Móbakka, Sólbakka og Bakkaveg og var verkinu lokið með malbikun og kantsteinum. Þá var lokið við framkvæmdir við Leiruveg, hann malbikaður og gengið frá kantsteinum.

Á Reyðarfirði var lokið við áfanga 2 á Búðarmel. Yfirlögn var sett á hluta Heiðarvegs og Öldugata malbikuð. Unnið var við gatnagerð og lagnir í Mógerði, Litlagerði og Brekkugerði og þeim nánast lokið á árinu. Boðnar voru út og hafnar framkvæmdir við gatnagerð í nýju hverfi Stekkir 2. Lagt var malbik á fyrstu göturnar þar ásamt tengivegi að hverfinu.

Fyrir utan helstu framkvæmdir sem hér á undan eru taldar upp var unnið við ýmsar lagfæringar og viðhald vítt og breitt um bæinn.

Vatns-, hita- og fráveita

Á Eskifirði var áfram unnið við lagningu hitaveitu og og endurnýjun vatnsveitukerfis en auk þess hefur þurft að endurnýja fráveitulagnir að nokkru leyti í leiðinni. Lokið var við stofnlögn fráveitu frá Dal 2 að sniðræsi í Leirubakka sem tengist útrás við olíustöð Skeljungu.

Lokið var við framkvæmdir við stofnlögn frá hverfinu Bakkagerði 1 og nýja útrás við Valhöll. Lagðar voru stofnlagnir að hverfinu Stekkir 2 og að iðnaðarhverfi á Hjallaleiru.

Lokið var við vatnsveituframkvæmdir vegna álvers á Reyðarfirði. Þar með er komið nýtt vatnsöflunarsvæði við Geithúsaá, nýr miðlunargeymir og lagnir frá Geithúsaá og að álverslóð. Stýrikerfi var sett á veituna og tengt tölvukerfi Vatnsveitu og Hitaveitu. Hafnar voru framkvæmdir við að setja upp nýjan rafhitunarketil fyrir fjarvarmaveituna á Reyðarfirði en hann er staðsettur í íþróttahúsinu.

Aðrar umhverfisframkvæmdir

Lokið var við frágang og lýsingu við sparkvöll á lóð grunnskóla og íþróttahúss á Eskifirði. Áfram var unnið við framkvæmdir við lóð leikskólans Lyngholts og lokið við framkvæmdir við lóðir Nesskóla og grunnskóla Eskifirði.

Lokið var við að leggja gerfigras á gamla malarvöllinn í Neskaupstað og girða hann.

Unnið var við að fjarlægja brotamálm og brak í öllu sveitarfélaginu og var þetta annað árið í röð sem gert var átak í þessum efnum. Áfram var unnið við að loka gömlum malarnámum aðallega á Reyðarfirði og Eskifirði, sáð var í svæðin og þau tekin til ræktunar. Í Neskaupstað var unnið við gróðurbeð í miðbænum, lagfæringar í kringum nýjan gerfigrasvöll, grisjun og endurbætur í Lystigarðinum og lagfæringar á smærri opnum svæðum. Plantað var 20.000 skógarplöntum í landgræðsluskóga í Norðfirði. Á Eskifirði var unnið við umhverfi Kirkju- og Menningarmiðstöðvarinnar, gengið var frá gróðurbeðum við Dalbraut og unnið við umhverfi Strandgötunnar meðfram nýjum gangstéttum. Plantað var 15.000 skógarplöntum í landgræðsluskógasvæði á Eskifirði.

Á Reyðarfirði var unnið við innkomuna í bæinn, gengið frá svæðum við leiruna, hjáleiðina, hringtorgið og Andapollinn, sáð var í þessi svæði og þau tekin til ræktunar. Hafnar voru framkvæmdir við umhverfi Félagslundar, Stríðsárasafnsins og unnið við Rafstöðvargilið. Auk þessa voru tekin fyrir mörg smærri svæði á Reyðarfirði. Á Reyðarfirði var plantað 7.000 plöntum í landgræðsluskógasvæðin.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Byggingar- og skipulagsmál

Á árinu 2006 voru gefin út byggingarleyfi fyrir 106 íbúðum í einbýlishúsum, parhúsum og fjölbýlishúsum. Þá voru gefin út 11 byggingarleyfi vegna atvinnuhúsnæðis, 35 sólpöllum og skjólveggjum og 13 garð- og smáhúsum. Gefið var út byggingarleyfi fyrir skólamiðstöð á Fáskrúðsfirði. Auk þess var gefinn út fjöldi annarra byggingarleyfa fyrir smærri framkvæmdum og breytingum en alls voru gefin út 180 byggingarleyfi á árinu. Hér eru ekki talin með þau byggingarleyfi sem gefin hafa verið út fyrir einstökum mannvirkjum innan álverslóðarinnar á Hrauni.

Alls eru því gefin út byggingarleyfi fyrir 21.927 m² og 86.248 m³ í nýju húsnæði. Þar að auki eru byggðir fermetrar í viðbyggingum og breytingum sem ekki eru taldir hér með í stærðartölum.

Starfsmenn umhverfismálasviðs hafa unnið að nýju aðalskipulagi fyrir Fjarðabyggð. Undir lok árs 2006 var samið við ráðgjafafyrirtækið Alta um að ljúka við aðalskipulag Fjarðabyggðar 2008-2028. Þeirri vinnu á að ljúka í september 2008. Gerð hafa verið gerð nokkur deiliskiplög vegna íbúðarsvæða en einnig er stöðugt unnið að breytingum og endurskoðun á gildandi deiliskiplögum.

Byggingarframkvæmdir

Miklar byggingarframkvæmdir voru í Fjarðabyggð á árinu og mörgum verkum lokið. Þar ber helst að nefna sundlaug á Eskifirði, endurbætur á allri aðstöðu við sundlaug í Neskaupstað, Fjarðabyggðahöllina og að lokið var stækkun Grunnskóla Reyðarfjarðar. Eftir er að ljúka nokkrum framkvæmdum á lóð skólans.

Á milli Fjarðabyggðarhallarinnar og kjallara íþróttahússins var gerður tengingangur þannig að innangengt er á milli bygginganna. Kjallari íþróttahússins var gerður upp og þar var komið fyrir fjórum búningsklefum, starfsmannaaðstöðu, dómaraherbergi og geymslum. Þannig er daglega aðkoma að höllinni fyrir iðkendur í gegn um anddyri íþróttahússins og undir eftirliti starfsfólks þar.

Hafinn var undirbúningur að byggingu Öryggismiðstöðvar að Hrauni, byggingin boðin út og framkvæmdir við lóð hafnar undir lok árs 2006. Samið var við eignarhaldsfélagið Fasteign um bygginguna eftir að framkvæmdum við fyllingu undir sökklá var lokið.

Á Fáskrúðsfirði var hafin bygging skólamiðstöðvar á vegum Austurbyggðar og var því verki haldið áfram eftir sameiningu sveitarfélaganna. Leikskólahluta byggingarinnar er að ljúka og framkvæmdir við grunnskólahlutann munu hefjast á næsta ári.



Skýrsla hafnarsjóðs Fjarðabyggðar 2006

Undir hafnarsjóð Fjarðabyggðar heyra sex hafnir, en það eru Mjóafjarðarhöfn, Norðfjarðarhöfn, Eskifjarðarhöfn, Reyðarfjarðarhöfn, Fáskrúðsfjarðarhöfn og Stöðvarfjarðarhöfn.

Hafnarsjórn er skipuð fimm mönnum, sem kosnir eru af bæjarstjórn og er kjörtímabil hafnarstjórnar hið sama og bæjarstjórnar.


Hafnarstjórn er ábyrg fyrir fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnanna. Hún ákveður gjaldskrár og gerir fjárhagsáætlun hafnarsjóðs sem bæjarstjórn staðfestir. Þá semur hafnarsjórn langtímaáætlun í nýframkvæmdum.

Fundir hafnarstjórna voru alls 16 á árinu. Starfsmenn voru 7 í 6,4 stöðugildum, en auk þess er keypt vinna af þjónustumiðstöð Fjarðabyggðar á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði sem nemur um 1,5 stöðugildi á árinu.


Mikill fiskafli barst að landi í

